Fundargerð 44. fundar

stafræns ráðs sveitarfélaga

Árið 2026, miðvikudaginn 18. febrúar kl. 08:30 kom stafrænt ráð sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, Álfhildur Leifsdóttir, Ásthildur Sturludóttir, Freyr Antonsson, Gylfi Ólafsson, Helga Jóhanna Harðardóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ingimar Þór Friðriksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Jóna Árný Þórðardóttir, Linda Björk Pálsdóttir, Óskar Sandholt, Sigríður M Björgvinsdóttir og Ágúst Þór Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Björgvin Sigurðsson, Dagný Edda Þórisdóttir og Þórdís Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 43. fundar - Til samþykktar - 2509327SA**

   Lögð fram fundargerð 43. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 21. janúar 2026.

   Stafrænt ráð samþykkti samhljóða fundargerð nr. 43 og verður hún sett í rafræna undirritun.

2. **Fundargerð faghóps - Til kynningar - 2509324SA**

   Verkefnastjóri í stafræna teyminu fer yfir fundargerð faghóps um stafræn verkefni sveitarfélaga frá 11. febrúar 2026.

3. **Nemendagrunnur MMS - Til kynningar - 2509321SA**

   Verkefnastjóri í stafræna teymi fer yfir stöðuna á innleiðingu á nemendagrunni og sameiginlegri innritun 1. bekkjar grunnskóla. Fyrir fundinum láu fyrir nýjustu útgáfur af vinnslusamningi sveitarfélaganna og MMS, auk MÁP.

4. **Drög að dagskrá stafrænnar ráðstefnu - 2601035SA**

   Verkefnastjóri stafræna teymsins fer yfir drög dagskrá af stafrænni ráðstefnu.

5. **Formgera samstarf Rvk og sveitarfélaga í stafrænum verkefnum - Til kynningar - 2511018SA**

   Sviðsstjóri fór yfir stöðuna á því að formgera stafrænt samstarf Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga í stafrænum verkefnum.
   Borgarráð samþykkti á fundi sínum 22. janúar 2026, undir 19. lið tillögu stafræns ráðs að formgera stafrænt samstarf Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga og að greiða með beinum hætti inn í samstarfið. Það er mikilvægt skref til framtíðar að efla samstarf sveitarfélaganna.

   Engar athugasemdir.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 04.11.2026

6. Önnur mál - 2509265SA

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 09:30

Skjal sótt af '9999999999' dags: 04.11 2026